

Ed.

554. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Meðan núverandi ófriður í Norðurálfu varir, skal kennslumálaráðherra heimilt að sameina fámenn skólahverfi um einn og sama kennara, þar sem því verður við komið. Ennfremur er ráðherra heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og íþróttakennslu, en minnka að sama skapi kennslu í öðrum bóklegum fræðigreinum.

Heimilt er ráðherra að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara mála í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Efni þessa frv. er fram komið í frv. til l. um nokkrar ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, 14. gr. b. Þykir réttara að bera fram sérstakt frv. um þetta efni.